

Átaksverkefni velferðarráðuneytis – plástur á holskurð

Eftir Kristínu Heimisdóttur

Nýhafið er tíma- bundið átaksverkefni á vegum velferðarráðuneytis í samvinnu við tannlæknadeild HÍ. Verkefnið lýtur að tannlækningum barna og unglunga efnaminni fjölskyldna. Þessi börn og unglungar fá tannlækningar sér að kostnaðarlausu þann tíma sem átakið stendur. Þetta átak mun bæta tannheilsu örfárra einstaklinga, en er fyrst og fremst staðfesting stjórnvalda á þeim mikla vanda, sem hláðist hefur upp síðastliðinn áratug. Vanda, sem er tilkominn vegna áhuga- og úrræðaleyfis yfirvalda í tannheilsuárum. Nú er svo komið, að stór hópur barna fer ekki til tannlæknis og sá hópur fer stækkandi sem á við alvarleg tannheilsu



Kristín Heimisdóttir

vandamál að stríða. Það staðfesta vandaðar rannsóknir á tannheilsu barna og unglunga (MUNNIS) og tilfinningin er sú, að yfirvöld vilji helst ekki endurtaka slíkar rannsóknir, af hræðslu við verri niðurstöður en þær slæmu sem nú þegar liggja fyrir.

Hvað hefur eiginlega gerst? Fyrir rúmum áratug slitu heilbrigðisyfirvöld og tannlæknar samningum. Gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands – þá Tryggingastofnunar ríkisins – hafði þá hækkað um 12% á sama tímabili og rekstrarkostnaður tannlæknastofu hafði hækkað um rúm 40%. Þá höfðu tannlæknar um það að velja að sigla rekstri tannlæknastofa sinna í strand eða segja upp samningum. Afleiðing þess er sú að endurgreiðslugjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands

» Ekki getur verið vilji alþingismanna ár eftir ár að fleiri hundruð milljónir séu í afgang, á meðan ekki er endurgreitt nema brot af tannlæknakostnaði.

hefur lítið hækkað í rúman áratug á meðan gjaldskrár tannlækna hafa hækkað í takt við almennt verðlag. Því fá forráðamenn barna og unglunga minna og minna endurgreitt af útlögðum kostnaði við tannlækningar, þrátt fyrir að gjaldskrár tannlækna hafi hækkað minnst af öllum gjaldskráum heilbrigðisstétta.

Hvað er til ráða? Tvennt stendur upp úr á vandamálalistanum. Í fyrsta lagi þarf að ná til þeirra barna sem ekki skila sér til tannlæknis. Tannlæknafélag Íslands hefur bent á leiðir til úrbóta í ít-

arlegri skýrslu, sem heilbrigðisyfirvöld hafa haft undir höndum frá hausti 2010. Hið síðara er að auka endurgreiðslu tannlæknakostnaðar til forráðamanna barna og unglunga. Heimild til endurgreiðslu tannlæknareikninga hefur síðastliðin ár verið afgreidd á fjárlögum frá Alþingi, en ekki nýtt nema að hluta þannig að rúmlega 300 milljónir hafa verið í árlegan afgang síðastliðin þrjú ár. Þessi upphæð, væri hún að fullu nýtt, gæti líklega dugað til að veita öllum börnum og unglungum nauðsynlegar forvarnir – skoðun, myndir og flúorlökkun – eins oft og hvert barn þyrfti á að halda. Þessi upphæð myndi hugsanlega einnig duga til að hækka endurgreiðslugjaldskrá SÍ fyrir börn og unglunga um a.m.k. 50%. Það hlýtur að teljast verkefni Sjúkratrygginga Íslands að deila þessum peningum til endurgreiðslu samkvæmt vilja þingmanna. Ekki getur verið vilji til þess ár eftir ár að fleiri hundruð milljónir séu í afgang, á meðan

ekki er endurgreitt nema brot af tannlæknakostnaði barna og unglunga. Enga samninga við tannlækna þarf til að hækka þessar endurgreiðslur. Það má gera með undirskrift velferðarráðherra og einni skipun í tölvukerfi SÍ. Einfaldlega með því að hækka endurgreiðslugjaldskrá SÍ og endurgreiðsluhlutfall tryggðra einstaklinga – í þessu tilfelli barna og unglunga undir 18 ára aldri. Velferðarráðherra hefur með átaksverkefninu opnað augun fyrir þeim uppsafnaða vanda sem fyrir hendi er. Ef honum er alvara með átaksverkefninu er hans næsta verkefni að ráðast að rótum vandans með undirskrift skipunar um hækkun endurgreiðsluhlutfalls í tölvukerfi SÍ og reyna þannig að koma í veg fyrir enn meira tjón en orðið er. Annars er hér um tóma sýndarmennsku að ræða, en það er svosem engin nýlunda í pólitík.

Höfundur er tannlæknir og situr í stjórn Tannlæknafélags Íslands.

